



Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
við setningu
Alþjóðlegrar víkingahátíðar
í Hafnarfirði
9. júlí 1997

Víkingar.
Hátiðargestir

Í Landnámabók segir: „Flóki Vilgerðarson hét maður; hann var víkingur mikill”.

„Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiðafjörð og tóku þar land, sem heitir Vatnsfjörður við Barðaströnd. Þá var fjörðurinn fullur af veiðiskap, og gáðu þeir eigi fyrir veiðum að fá heyjanna, og dó allt kvíkfé þeirra um veturninn. Vor var heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin fjörð fullan af hafísum; því kölluðu þeir landið Ísland, sem það hefir síðan heitið”.

Þessi gagnorða lýsing í Landnámabók, numin af hverju íslensku barni, greinir glöggt frá atorku og kappi víkinga sem námu ný lönd. Menning þeirra, lífshættir og viska, siglingar um úfinn sæ geyma lærðoma og sannindi sem eiga enn erindi við alla menn.

Ég fagna því frumkvæði að efna hér í Hafnarfirði til alþjóðlegrar víkingahátíðar og hvet til þess að Ísland verði um alla framtíð áfangastaður fólks frá ólíkum heimshornum, fólks sem sér í fornri tíð víkinganna efnivið til samfagnaðar, fróðleiks og gleði.

I Are frodes gamle Islendingebok heter det om det islandske landnåmet: „Og da var det svært mange som dro hit ut fra Norge, inntil kong Harald forbød det fordi han mente at det ville føre til at landet ble lagt øde.”

Nå er det, kjære nordiske gjester, etter en konge i Norge som heter Harald, men han har ikke forbudt dere å reise til Island. Derfor kan vi her i dag hilse velkommen norske frender og andre nordiske venner. Vi vil imidlertid understreke at det var de mest selvstendige

bønder, de mest stridslystne vikinger og de vakreste kvinner som for vel elleve hundre år siden tok beslutningen om å forlate de andre nordiske land for å utvikle et demokratiets og diktingens samfunn på Island.

It was in Western-Iceland on the farm Eiríksstaðir, a place blessed with beautiful mountains and the colour symphony of the summer sun, that the great explorer Leifur Eiríksson was born. From his birthplace in Iceland, hardened by the Viking Icelandic culture and his upbringing in this splendid land, Leifur sailed across the ocean and discovered in the year 1000 a new continent which he called Vínland but has since temporarily been named America.

When mankind welcomes a new millennium, evaluates the past 1000 years and envisages what lies ahead, what could be more fitting than to celebrate the most important discovery made in the very year when mankind last passed such a milestone? Nothing that happened in the year 1000 is of such value and inspiration for us today as Leifur Eiríksson's journey to America, an event that invokes the daring human spirit, the courage and the determination that has led humankind from the ancient village to the seas, across the ocean to new continents, from earth to the moon and further into space.

At the crossroads which the millennium represents, the Viking voyages to America, the legacy of Leif the Lucky, could serve as an inspiration to us not just to look back, but also to look forward. They would give us a platform for examining the importance of discovery, the spirit of pioneers in our civilization, and the forces that drive us to explore the unknown, to reach for new heights.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með víkingahátíð í Hafnarfirði og þakka þá hugmyndaauðgi, framtak og frumleika sem hér einkenna dagskrá alla og aðbúnað.

Saga og menning fortíðar eru okkur Íslendingum nú dýrmæt auðlind í markaðskerfi heimsins. Arfur víkinganna getur fært okkur aukin viðskipti og betri lífskjör á nýrri öld. Það er við hæfi að Hafnarfjörður, hinn fornfrægi verslunarstaður Íslendinga og landnámsstaður Hrafna-Flóka, verði heimkynni þeirrar sóknar.

Norrøne vikinger - velkommen til Island. May we all continue to celebrate the splendid Viking heritage. Til hamingju með glæsilega víkingahátíð.

